Nr. 1.
8.
jan.

# Lög

um

hluttöku safnaða í veitingu brauða.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski. Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Þegar brauð í þjóðkirkjunni losnar, tekur söfnuðurinn þátt í veitingu þess eptir reglum þeim, er nú skal greina.

2. grein.

Þegar auglýst hefur verið, að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknarfestur er út runninn, skal landshöfðingi, þegar fleiri en 3 hafa sótt um embættið, er allir fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir því að geta haft á hendi prestsembætti í þjóðkirkjunni, með ráði biskups velja þrjá af umsækendum til kosningar, er honum virðast hafa bezta hæfilegleika til þess, að geta komið til álita við veitingu embættisins. Hafi að eins 3 slíkir menn sótt um brauð, má landshöfðingi á sama hátt velja tvo þeirra til kosningar.

3. grein.

Umsóknarbrjef þau, er þannig hafa verið valin úr, og bæði umsóknarbrjefin, hafi að eins 2 sótt um embættið, sendir biskup með athugasemdum þeim, er honum virðist ástæða til að gjöra, til hlutaðeigandi prófasts, en prófastur skal sjá um, að þau verði lögð fram og liggi til sýnis í 2 vikur á einhverjum hentugum stað í prestakallinu. Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður frestur þessi er liðinn, að söfnuðurinn ætli sjer eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófasturinn stofna til fundar fyrir allt prestakallið, áður aðrar 2 vikur sjeu liðnar, og skal auglýsa fund þennan svo sem þörf gjörist. Um umsækendur þá, sem í kjöri eru, skal á þessum fundi öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu, og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru orðnir fullra 25 ára, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðafundum samkvæmt lögum nr. 5. frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10. frá 12. maí 1882.

# Lov

Nr. 1.
8de
Januar.

om

## Menighedernes Medvirkning ved Besættelsen af Præstekald.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Naar et Præstekald i Folkekirken bliver ledigt, har Menigheden Ret til at medvirke ved sammes Besættelse efter nedenstaaende Regler.

§ 2.

Efter at Præsteembedet har været opslaaet vakant, og den fastsatte Frist til at indgive Ansøgninger om samme er udløbet, udtager Landshøvdingen efter Samraad med Biskoppen, naar der til Embedet har meldt sig flere end 3 Ansøgere, der alle opfylde de almindelige Betingelser for at beklæde Præsteembede i Folkekirken, de 3 af disse til Valg, der synes ham bedst kvalificerede til at komme i Betragtning ved Embedets Besættelse. Er der om Embedet kun indkommet Ansøgninger fra 3 saadanne Ansøgere, kan Landshøvdingen paa samme Maade udtage to af disse til Valg.

§ 3.

De saaledes udtagne Ansøgninger, eller i Fald kun to have søgt Embedet, begge Ansøgningerne, sender Biskoppen med de Bemærkninger, som han maatte finde Anledning til at fremsætte, til vedkommende Provst, der sørger for, at de fremlægges til almindeligt Eftersyn i 14 Dage paa et hensigtsmæssigt Sted i Pastoratet. Dersom Sogneudvalget eller Sogneudvalgene i Pastoratet ikke inden Udløbet af nævnte Tidsfrist have underrettet vedkommende Provst om, at Menigheden ikke agter at gjøre Brug af sin Valgret, har Provsten inden Forløbet af andre 14 Dage at foranstalte et behørig bekjendtgjort Møde afholdt for hele Pastoratet, hvor der gives samtlige der bosatte ubervgtede Medlemmer af Folkekirken, der paa den Tid, Valget foregaar, have opnaaet 25 Aars Alder, og som ifølge Lov Nr. 5, 27de Februar 1880 jfr. Lov Nr. 10, 12te Mai 1882 have Stemmeret paa Menighedsmødet, Lejlighed til at stemme om de Ansøgere, mellem hvilke der skal vælges.

Nr. 1.
8. jan.

4. grein.

Kjörstjórn skal stýra kosningum; er prófastur formaður hennar, en hver sóknarnefnd í prestakallinu kýs í hana 2 menn.

5. grein.

Sóknarnefnd hver semur skrá yfir þá sóknarmenn, er kosningarrjett hafa eptir 3. gr., og sjer um, að skráin liggi til sýnis fulla viku á undan kjördeginum á einhverjum hentugum stað fyrir sóknarbúa; eptir þeirri skrá fer kosningin fram.

Nú kærir einhver, að sjer hafi verið sleppt úr skránni, eða að annar hafi heimildarlaust verið tekinn á skrána, og skal hann þá í seinasta lagi koma fram með kröfu sína eða mótmæli á sjálfum kjördeginum, og leggur kjörstjórnin því næst úrskurð sinn á málið, áður en gengið er til atkvæðagreiðslu.

6. grein.

Sjerhver sá, er kosningarrjett hefur og vill greiða atkvæði, skal koma sjálfur á kjörfund. Atkvæðagreiðslan skal fram fara munnlega, og skulu tveir af kjörstjórunum taka við atkvæðum við kjörskrá hverja. Þegar öllum, er viðstaddir eru og hafa kosningarrjett, hefur verið gefinn kostur á að greiða atkvæði og þau rituð í kjörbækurnar, skal atkvæðagreiðslunni lokið, en þó eigi fyr en klukkustund er liðin, frá því kosningar hófust.

7. grein.

Kjörstjórnin semur skýrslu um það, er fram hefur farið á kjörfundinum, og sendir hana ásamt kjörskránum og umsóknarbrjefunum o. fl. til landshöfðingja, þegar frestur sá er liðinn, sem ræðir um í 8. grein.

8. grein.

Nú vill einhver koma fram með kæru viðvíkjandi kosningu þeirri, er fram hefur farið, og verður hann þá að senda kæru sína skriflega til formanns kjörstjórnarinnar, áður en vika sjeu liðin frá því kosningin fór fram, ef henni skal nokkur gaumur gefinn; en formaður kjörstjórnarinnar skal senda landshöfðingja kæruna ásamt áliti kjörstjórnarinnar.

9. grein.

Ef að minnsta kosti helmingur safnaðarmeðlima þeirra í prestakallinu, er kosningarrjett hafa, hafa tekið þátt í kosningunni, og einhver af umsækendum hefur hlotið að minnsta kosti helming atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, verður honum gefið veitingarbrjef af hlutaðeigandi stjórnarvaldi, hafi kosningin farið fram eptir 3.—8. gr. laga þessara, eða sjeu eigi þeir gallar á, sem eptir atvikum geti haft veruleg áhrif á úrslit hennar; ella skal við veiting embættisins taka það tillit til þeirra óska, er hafa komið fram af hálfu safnaðarins, er álitið verður að rjett sje.

10. grein.

Nú hefur laust brauð verið auglýst á venjulegan hátt, og hinn ákveðni umsóknarfrestur er útrunninn, og hafi þá ekki nema einn, er fullnægi hinum almennu skilyrðum fyrir að þjóna prestsembætti í þjóðkirkjunni, sótt um brauðið, þá skal eptir kosningarreglum laga þessara leita tillögu safnaðarins um, hvort hann heldur kjósi að brauðið verði veitt þessum eina umsækjanda, eða prestþjónusta í brauðinu verði fyrst um sinn falin á hendur nágrannapresti eða nágrannaprestum, verði því við komið, eða settur verði prestur til að þjóna brauðinu til bráðabirgða, geti hann fengizt.

§ 4.

Valget ledes af en Valgbestyrelse, hvis Formand er Provsten, og hvortil ethvert Sogneudvalg i Pastoratet vælger 2 Mænd.

§ 5.

Hvert Sogneudvalg affatter en Liste over de i Sognet bosatte, efter § 3 stemmeberettigede, Menighedsmedlemmer og sørger for, at Listen fremlægges i 8 Dage før Valgdagen til Eftersyn paa et for Sognets Beboere bekvemt Sted. Valghandlingen foregaar efter denne Liste.

Anker Nogen over at være udeladt eller over, at en Uberettiget er optaget paa Listen, har han senest paa selve Valgdagen at fremføre sin Paastand eller Indsigelse, som Valgbestyrelsen derefter afgjør ved sin Beslutning, forinden Stemmegivningen begynder.

§ 6.

Enhver Valgberettiget, der vil afgive sin Stemme, skal møde personlig. Stemmerne afgives mundtlig og modtages ved hver Valgliste af to af Valgbestyrelsens Medlemmer. Naar alle de tilstedeværende Valgberettigede have faaet Adgang til at afgive deres Stemmer, og disse ere tilførte Valgprotokollerne, sluttes Afstemningen, dog ikke førend en Time efter, at Valghandlingen er begyndt.

§ 7.

Valgbestyrelsen affatter en Beretning om, hvad der er foregaaet ved Valget og afsender den efter Udløbet af den i § 8 nævnte Frist tilligemed Stemmelisterne og Ansøgningerne m. v. til Landshøvdingen.

§ 8.

Enhver, der har Noget at anke over ved den foregaaede Valghandling, maa, hvis hans Anke skal komme i Betragtning, inden 8 Dage efter Valghandlingens Foretagelse have indgivet sin skriftlige Besværing til Valgbestyrelsens Formand, der indsender den tilligemed Valgbestyrelsens Erklæring derover til Landshøvdingen.

§ 9.

Dersom i det Mindste Halvdelen af Pastoratets stemmeberettigede Menighedsmedlemmer har deltaget i Valget, og nogen af Ansøgerne har faaet mindst Halvdelen af de afgivne Stemmer for sig, vil der af vedkommende Regjeringsmyndighed blive meddelt ham Kaldsbrev, saafremt Valghandlingen er foregaaet i Overensstemmelse med nærværende Lovs §§ 3—8, eller ikke lider af saadanne Mangler, som efter Omstændighederne kunne have en væsentlig Indflydelse paa dens Udfald. I andet Tilfælde tages der ved Embedets Besættelse det Hensyn til de fra Menighedens Side foreliggende Meningstilkjendegivelser, som ansees for berettiget.

§ 10.

Har der til et ledigt Præstekald, der har været opslaaet vakant paa sædvanlig Maade, ved Ansøgningsfristens Udløb kun meldt sig en Ansøger, der opfylder de almindelige Betingelser for at beklæde Præsteembede i Folkekirken, skal der, under Iagttagelse af de i denne Lov foreskrevne Regler, indhentes Menighedens Erklæring, om den foretrækker, at Kaldet bortgives til denne Ansøger, eller at dets Betjening indtil videre overdrages til en Nabopræst eller Nabopræster, dersom dette kan lade sig gjøre, eller at der til at betjene Kaldet foreløbig bliver konstitueret en Præst, ifald en saadan kan faaes.

Nr. 1. 8. jan.

11. grein.

Kostnaði við prestakosningar skulu sóknarnefndirnar jafna niður á alla safnaðarmenn í prestakallinu, þá er atkvæðisrjett hafa samkv. 3 gr. Eindagi á því gjaldi er hinn fjórtándi dagur, frá því að niðurjöfnunin og hverjum greiða skuli var auglýst á kirkjufundi. Kærur út af fjárheimtu þessari er heimilt að bera upp á hjeraðsfundi prófastsdæmisins, og leggur hann fullnaðarúrskurð á málið. Rjett er að taka gjöld þessi lögtaki.

12. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1887.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 8. janúar 1886.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

§ 11.

De med Præstevalget forbundne Udgifter skulle af Sogneudvalgene paalignes alle de ifølge § 3 stemmeberettigede Menighedsmedlemmer i Pastoratet. Det paalignede Bidrag forfalder til Betaling den fjortende Dag efter at Paaligningen samt Opgivelse af, til hvem Indbetalingen skal ske, er bekjendtgjort paa Kirkestævne. Anker over Ligningen kunne fremsættes paa Provstiets Herredsmøde, der endelig paakjender Sagen. Disse Bidrag kunne inddrives ved Udpantning.

§ 12.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1887.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette

**Givet paa Amalienborg, den 8de Januar 1886.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*